

Girðingalög, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 24.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 25.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 4. febrúar 1952, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaптúnunum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 27.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 28.

Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 29.

Lög um hámark húsaleigu o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 30.

Lög um skipun prestakalla, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 32.

Lög um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 33.

Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 34.

Fjárúkalög fyrir árið 1949, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 5. febrúar 1952, nr. 35.

Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaптúnunum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 16. febrúar 1952, nr. 36.

1

23/a'49

REGLUR

um starfrækslu talstöðva, sem landssíminn lætur á leigu í þágu öryggisþjónustu í verstöðum.

1. gr.

Talstöðvarnar eru opnar eingöngu til neyðar- og öryggisviðskipta á kall- og neyðarhylgjunni 1650 krið/s. (182 m).

2. gr.

Um talstöðvar þessar mega ekki önnur viðskipti eiga sér stað en þau, er beint varða öryggi skipa við landtöku og innsiglingu, aðstoð við miðanir og annað það, er talizt getur til neyðar- og öryggisþjónustu.

Talstöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlifa á sjónum, og þegar svo ber undir má ekki loka stöðinni fyrir en neyðarþjónustunni er að fullu lokið.

3. gr.

Í leyfisbréfi talstöðva þessara er ákveðið kallmerki þeirra. Leyfishafi, sem tilgreindur er í leyfisbréfi stöðvanna, ber allan kostnað af og alla ábyrgð á starfrækslu þeirra.

Afnotagjald og önnur gjöld fyrir þessar talstöðvar ákveður póst- og símamálastjórnin.

4. gr.

Talstöðvarnar skulu starfræktar af manni, sem hefur tilskilið skirteini talstöðvarmanns gefið út af póst- og símamálastjórninni, og skal hann undirrita þagnarheiti, en auk þess eru þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

5. gr.

Öll boð og orðsendingar, sem afgreiða á til eða frá skipum á hafi úti og send eru um talstöðvar þessar, skulu færðar í dagbók stöðvarinnar. Boð og orðsendingar frá skipum til slysavarnafélagsins eða björgunarsveita þess, skulu afgreidd með símtali eða í símskeyti, en kostnaður við slíkar sendingar skal starfrækjandi talstöðvanna bera ábyrgð á.

6. gr.

Verði talstöðvarvörður var við, eða fái hann tilkynningu um, að skip þurfi á aðstoð að halda, skal hann undantekningarlaust tilkynna það næstu strandarstöð landssímans, sem síðan tilkynnir það slysavarnafélaginu í Reykjavík.

7. gr.

Brjóti talstöðvarvörður reglur þessar eða aðrar gildandi reglur, alþjóða og innlendar um radióstöðvar, varðar það missi starfskirteinis og/eða lokun stöðvarinnar, ef brotið telst alvarlegs eðlis, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 13. gr. reglugerðar um rekstur radióstöðva, nr. 113 20. júní 1945, og ganga í gildi 1. apríl 1949.

Póst- og símamálastjórnin, 23. marz 1949.

Guðmundur Hlíðdal.

Einar Pálsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Sundhallar Reykjavíkur, nr. 52 31. marz 1948.

I. Aðgangseyrir.

1., 2., 5. og 6. töluliðir breytist svo:

1. Fullorðnir, einstök skipti:

a. í eins manns klefum	kr. 3.00
b. í hópklefum	— 2.50
2. Börn, einstök skipti	— 1.00
5. Mánaðarkort fullorðinna	— 45.00
6. Mánaðarkort barna	— 15.00

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. janúar 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.